




Sundlaugin í Reykjanesi



Gamla sundlaugin. Timburhúsið var flutt niður að bryggjunni.

Upphaf sundkennslu í Reykjanesi

Sundkennsla í Reykjanesi hófst í lítilli torflaug inni á nesinu. Heimildir herma að sú torflaug hafi verið grafin 1837 og að kennsla hafi verið hafin 1853. Þessi sundlaug var endurbætt 1890 og aftur 1899 og þá lengd í 20 metra. 1906 voru veggir laugarinnar steiptir og botninn malborinn með stórrí hreinni sjávarmöl. Fólk hafðist við í tjöldum þar til timburhús með 20 kojum var byggt 1896. Það var seinna flutt niður að bryggjunni. Gestur Bjarnason, sem kallaður var „Sund-Gestur“ kenndi sund í Reykjanesi 1853 og ef til vill fyrr.



- | | |
|-------------------|------------------------------|
| 1 Reykjartjörn | 15 Danjelmýri |
| 2 Dísabúi | 16 Seleyrar |
| 3 Hveravík | 17 Kaplavogur |
| 4 Hvervikursker | 18 Strókar = Karl og Kerling |
| 5 Vestastítangi | 19 EiðskerjagrunDIR |
| 6 Miðtangi | 20 Eiðsker |
| 7 Austastítangi | 21 Eið |
| 8 Ísafjörður | 22 Selatangi |
| 9 Ketvík | 23 Urðulúra |
| 10 Hádegishóll | 24 Skeeghólmi |
| 11 Hánes | 25 Hólar |
| 12 Kolahver | 26 Hóltjarnir |
| 13 Gamla sundlaug | 27 Raublgarður |
| 14 Merartjarnir | 28 Pumphúsvík |

Árið 1925 var byggð steinsteypt sundlaug við Hveravík, 30 metra löng og 12 metra breið. Sundlaugin var lengd í 33 1/3 metra 1930 og í 50 metra 1944. Ungmennafélagið Huld í Nauteyrarhreppi með Jakobínu Þórðardóttur á Laugabóli í forystu vann ötullega að því að sundlaugin var byggð en félagið sá um sundkennsluna í Reykjanesi árin 1920-1930. Ísafjarðarbær lét byggja gístiskála fyrir nemendur á sundnámskeiðum sem voru fjölsótt af Ísfríðingum áður en skólahald hófst í Reykjanesi. Sund var kennt á hverjum kennsludegi hvernig sem viðraði og kennarar létu unglingana velta sér upp úr snjónum áður en farið var í laugina og þótti það vera til heilsubótar.

Í lok námskeiðanna var sundprófsdagur og þá var jafnan haldin útihátíð. Strandferðaskipið Esja flutti fólk frá Ísafirði og Ísafjarðarsýslum og lá fyrir utan á meðan hátíðin stóð yfir og togarinn Hávarður sá einnig um að ferja fólk á sundprófsdaginn. Ísfríðingar sáu einnig um að skipuleggja íþróttamót á útihátíðunum. Eftir að skólahald hófst komu nemendur í Barnaskólanum á Ísafirði á sundnámskeið á sumrin og fullorðnir sjómenn einnig, allt þar til sundlaugin á Ísafirði var tekin í notkun í ársbyrjun 1946.

Fyrsti skólastjórinn, Aðalsteinn Eiríksson, stóð fyrir vorhátíðum þar sem fólk úr Djúpinu kom í Reykjanes og vann í þegnskaparvinnu fyrir skólann að ýmsum lagfæringum í kringum skólahúsin og íþróttavöll og var boðið í sund á eftir. Þegnskaparvinnan var metin sem framlag héraðsins á móti framlagi ríkisins til skólans. Íbúar allra fjögurra Inndjúpsahreppanna lögðu fram ómælda sjálfboðavinnu við að byggja upp aðstöðu til sundiðkunar í Reykjanesi. Þegar skólahald lagðist af voru allar fasteignir seldar fyrir tilstilli stjórnvalda og eru þær nú í einkaeign en Ísafjarðarbær á landið.



Sundlaugin í byggingu 1925.

Sundprófsreglur í Reykjanesi

Mikil áhersla var á sundkennslu eftir að Reykjanesskóli tók til starfa og fóru nemendur oft á dag í laugina. Aðalsteinn Eiríksson hafði mikinn metnað þegar kom að eflingu sundkennslu. Hann ákvað að hafa sérstakar sundprófsreglur í Reykjanesi sem fengu þó ekki formlega viðurkenningu í ráðuneytinu þar sem kröfurnar þóttu heldur miklar. Erfiðleikastigin voru fjögur en í efsta stiginu voru þessar greinar:

- Geta stungið sér og synt
- 5000 metra þolsund
- 1000 metra bringusund í fötum
- 300 metra baksund í fötum
- 200 metra björgunarsund með áttatíu kílóa mann, báðir í fötum
- Afklæðst fötum á sundi
- Kafað eftir smáhlut á fjögurra metra dýpi
- Fengið tilsögn í björgun og lífgun